

Fundargerð 13. fundar í Þróunarfélagi Keflavíkurflugvallar 26. júní 2007 kl. 16:00 á skrifstofu ÞK, byggingu 946, Keflavíkurflugvelli.

Mættir:

Magnús Gunnarsson, stjórnarformaður

Árni Sigfússon, varastjórnarformaður

Helga Sigrún Harðardóttir, varastjórnarmaður

Kjartan Þór Eiríksson, framkvæmdastjóri sem jafnframt ritaði fundargerð

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar var borin upp og var hún samþykkt af viðstöddum stjórnarmönnum.
2. Sala og leiga eigna.  
Farið var yfir stöðu tilboða vegna leigu og sölu á eignum.  
Samþykkt var að ræða við Norðurál um leigu á tileknum eignum.  
Samþykkt var að leigja ÍAV byggingu 639.  
Samþykkt var áætlun um endurbætur vegna standsetningar íbúða fyrir nemendur.  
Samþykkt var að leigja SSS byggingu 730 og framkvæmdastjóra falið að útfæra það.  
Samþykkt var að leigja Nova aðstöðu í byggingu 999 undir búnað er varðar rekstur 3.  
Kynslóðar farsímakerfis.
3. Farið var yfir stöðu í rafmagnsmálum á svæðinu.
4. Samþykkt var að ræða formlega við Hitaveitu Suðurnesja um kaup og yfirtöku þeirra á rafmagnsveitukerfi á svæðinu.
5. Ræddir voru möguleikar í heilbrigðisuppbyggingu á svæðinu. Stjórnin samþykkti að halda áfram með að skoða þá hluti og þá einnig í tengslum við búsetuáæði þeirra er þurfa á slíkri þjónustu að halda, t.a.m. eldri borgara.
6. Erindi frá Brunavörnum Suðurnesja  
Tekið voru fyrir erindi frá Brunavörnum Suðurnesja. Annað lítur að umsókn um lóð undir slökkvistöð og hitt að nýtingu fyrrum sorpeyðingarstöðvar fyrir æfingar slökkviliðs í samstarfi við Brunavarnarskólann. Stjórnin tók jákvætt í erindin og fól framkvæmdarstjóra að skoða þau nánar í samstarfi við Reykjanesbæ t.a.m. út frá skipulagsmálum. Einnig var rætt að kalla eftir nánari upplýsingum um nýtingu fyrrum sorpeyðingarstöðvar t.a.m. út frá mengunarmálum og fleiri þáttum.
7. Lögð var fram á fundinum skýrsla frá PWC er lítur að framtíðaruppbyggingu á svæðinu. Stjórnin telur skýrsluna jákvæða og samræmast skoðunum stjórnar.
8. 4 mánaðauppgjör var lagt fyrir og samþykkt.
9. Rekstraráætlun 2007 – Uppfærsla áætlunar var lögð fyrir og var hún samþykkt.
10. Önnur mál  
Ekkert var rætt undir liðnum önnur mál  
  
Fleira var ekki gert og fundi slitið.